



Dreifibréf til fjármálafyrirtækja

10. júlí 2017
Tilvísun: 2017020037

Efni: Fjármálaeftirlitið gefur út drög að reglum um útreikning á vogunarhlutfalli og vegna tæknistaðla CRR

Fjármálaeftirlitið hefur gefið út sex umræðuskjöl, nr. 9 - 15/2017. Umræðuskjölin innihalda drög að reglum um útreikning á vogunarhlutfalli og drög að reglum til að innleiða tæknilega staðla sem fylgja reglugerð (ESB) nr. 575/2013 (CRR reglugerðinni), sbr. reglugerð um varfærniskröfur vegna starfsemi fjármálafyrirtækja, nr. 233/2017. Skjölin eru birt á vefsíðu Fjármálaeftirlitsins, <http://www.fme.is/log-og-tilmaeli/umraeduskjolf/>.

Regludrögin útfæra ýmis tæknileg atriði sem snúa að útreikningi á vogunarhlutfalli fjármálafyrirtækja (umræðuskjal nr. 9/2017), markaðsáhættu (nr. 10/2017), yfirfærðri útlánaáhættu vegna verðbréfunar (nr. 11/2017), vörpun lánsþæfismats vegna notkunar útreikninga á útlánaáhættu (nr. 12/2017) og notkun innri líkana við útreikning á eiginfjárkröfum (nr. 15/2017). Þá er í umsagnarferlinu einnig að finna drög að reglum um breytingu á reglum um tæknilega staðla vegna gagnaskila og gagnsæis (nr. 13/2017 og 14/2017), en drögin eru send í umsagnarferli á sama tíma og drög að reglum um útreikning á vogunarhlutfalli fjármálafyrirtækja, þar sem umræddar reglur ná til tæknilegra staðla sem vísa í reglugerðina sem er innleidd með reglum um útreikning á vogunarhlutfalli fjármálafyrirtækja.

Með samþykkt reglnanna hafa allir tæknilegir staðlar sem fylgja CRR reglugerðinni öðlast gildi hér á landi. Fyrr á árinu setti Fjármálaeftirlitið reglur nr. 505 – 509/2017 sem varða tæknilega staðla um gagnaskil, upplýsingaskyldu (Pillar III), eiginfjárgrunn, útlánaáhættu og stórar áhættuskuldbindingar. Hést samþykkt reglnanna í hendur við samþykkt fyrrnefndrar reglugerðar um varfærniskröfur vegna starfsemi fjármálafyrirtækja. Eftir að þau drög að reglum um tæknilega staðla sem nú eru í umsagnarferli hafa verið samþykkt og tekið gildi, verður löggjöf á íslenskum fjármálamarkaði að mestu leyti í samræmi við löggjöf á evrópskum fjármálamarkaði, að því er varðar útreikning á eiginfjárkröfum fjármálafyrirtækja, stórar áhættuskuldbindingar, vogunarhlutfall, upplýsingaskyldu og aðrar varfærniskröfur samkvæmt CRR.

Fjármálaeftirlitið mun gefa fjármálafyrirtækjum kost á að gera athugasemdir við drögin. Frestur til að senda inn umsagnir vegna regludraganna er til 25. ágúst nk. Umsögnum skal skila á þar til gerð umsagnareyðublöð sem finna má á vefsíðu Fjármálaeftirlitsins.

Virðingarfyllt,

FJÁRMÁLAEFTIRLITIÐ


Sigurður Freyr Jónatansson


Hjálmar Stefán Brynjólfsson